

Alþingi  
Erindi nr. P 139/3092  
komudagur 16. 9. 2011

**From:** [ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is](mailto:ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is) [mailto:[ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is](mailto:ogmundur.hrafn.magnusson@fjr.stjr.is)]

**Sent:** 16. september 2011 11:17

**To:** Eiríkur Áki Eggertsson; Helgi Hjörvar

**Cc:** Sighvatur Hilmar Arnmundsson; [gudrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is](mailto:gudrun.thorleifsdottir@fjr.stjr.is); [marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is](mailto:marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is); [Soley.Ragnarsdottir@fjr.stjr.is](mailto:Soley.Ragnarsdottir@fjr.stjr.is); [Hordur.hardarson@tollur.is](mailto:Hordur.hardarson@tollur.is); [Johanna.gudbjartsdottir@tollur.is](mailto:Johanna.gudbjartsdottir@tollur.is)

**Subject:** Re: FW: Frumvarp um virðisaukaskatt, vörugjald og toll. Breytingartillaga

898. mál

Sæll Helgi

Vísa til tölvupósts frá Eiríki Áka frá því í gær þar sem óskað er eftir að ráðuneytið veiti nefndinni nánari útlitun á því hvaða tæki það eru nákvæmlega sem myndu heyra undir hvert og eitt tollskrárnúmer sem ráðuneytið hefur lagt til í breytingartillögu sinni. Set hérna upp skref fyrir skref hvað breytingartillagan gengur út á, hvenær gjöld falla niður og hvenær ekki og hvaða tæki um er að ræða undir hverju númeri.

**a) liður breytingartillögunar: Tollskrárnúmerið 8519.8100 fellur niður**

Í staðinn koma tvö ný númer:

1. **8519.8110** sem er án tolla og vörugjalda. Þar falla Ipod shuffle og Ipod nano og aðrir MP3 spilarar sem ekki eru með hörðum disk.

2. **8519.8190** er nýtt númer með tollum og vörugjöldum. Þarna falla öll tæki sem ekki geta fallið undir fyrra númerið s.s. geislaspilarar og kasettutæki, sem ekki ganga fyrir rafhlöðum og ekki er hægt að tengja við tölvu.

**Tollskrárnúmerið 8519.8900 fellur niður (þetta númer er ekki að finna í tillögu nefndarinnar):**

Í staðinn koma tvö ný númer:

1. **8519.8910** sem er númer án tolla og vörugjalda. Þar fellur t.d. Ipod classic og aðrir MP3 spilarar með hörðum diskum, sem geta tengst við tölvu.

2. **8519.8990** er númer með tollum og vörugjöldum. Þarna falla öll tæki sem geta ekki fallið undir fyrra númerið 8519.8910 en hefðu átt að falla undir númerið 8519.8900 sem er fellt niður. Þarna eru stærri spilarar og tæki sem ekki tengjast við tölvu, t.d. fjarritar og plötuspilarar.

**b) liður breytingartillögunar: Tollskrárnúmerið 8521.9023 kemur inn sem nýtt númer án tolla og vörugjalda:**

Nefndin leggur til að felja niður gjöld af númerinu 8521.9029. Í stað þess að fella niður allt númerið er lagt til að tæki eins og Ipod touch og aðrir spilarar þar sem hægt er að horfa á efni af skjá verði settir í nýtt númer, 8521.9023, sem er án tolla og vörugjalda. Númerið 8521.9029, sem nefndin tiigreinar í frumvarpi sínu, er óbreytt hvað varðar gjöld. Í það númer falla áfram ferða DVD spilarar og slík tæki sem ekki er hægt að tengja þráðlaust við internetið og DVD spilarar með upptökumöguleikum. DVD spilara án upptökumöguleika er að finna á öðrum stað í tollskrá og bera þar bæði tolla og vörugjöld.

**c) liður breytingartillögunar: 8543.7003 kemur inn sem nýtt númer án tolla og vörugjalda:**

Nefndin leggur til að fella niður gjöld af númerinu 8543.7001. Í stað þess að fella niður allt númerið er lagt til að tæki eins og Kindle og aðrar lestölvur sem geta tengst þráðlaust við net verði sett í nýtt númer, 8543.7003, sem er án tolla og vörugjalda. Númerið 8543.7001, sem nefndin tilgreinir í frumvarpi sínu er óbreytt hvað varðar gjöld. Í númerið 8543.7001, sem verður óbreytt, falla t.d. rafsígarettur, fjarstýringar, loftnetsmagnarar og flugnabanar og önnur smátæki til heimilisnota sem ekki eru skilgreind annarstaðar í tollskrá.

Með kveðju,

-----  
Ögmundur Hrafn Magnússon, lögfræðingur / Legal Adviser  
Fjármálaráðuneytið, tekju- og skattaskrifstofa / Ministry of Finance,  
Department of Revenue and Taxation  
Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland  
Sími 545-9200, fax 562-8280 / Tel. +354-545-9200, fax +354-562-8280  
[www.raduneyti.is](http://www.raduneyti.is) / [www.government.is](http://www.government.is)